

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina	
Starfsheiti	Múrari	Löggilt iðngrein
Dagsetning	7. apríl 2022	
Útgáfunúmer	0.1	

#### Starfalýsing:

Múrari vinnur innan- og utanhúss við steypulögn og múrun nýbygginga og annast viðhald og endurbyggingu á steinsteypu og múrhúðun húsa og húshluta, samgöngu- og orkumannvirkja. Hann velur vinnuaðferðir, efni og verkfæri við hæfi og hefur innsýn í burðarvirki. Hann vinnur verkefni á staðnum eftir teikningum og leiðbeiningum í samræmi við lög og reglugerðir. Múrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann þekkir grundvallaratriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun. Múrari sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

#### Hæfnikröfur:

Les bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi húshluta og verkþátta.

Færir út mælipunkta, staðsetur hús og afsetur hæðir.

Teiknar upp deililausnir og frágang, s.s á hurðum og gluggum og notar helstu mælitæki.

Leggur steypustyrktarjárn og bendinet í steinsteypuvirki.

Þekkir grunnatriði í burðarþolsfræði.

Blandar og leggur niður steinsteypu með ýmsum aðferðum, s.s. laser, víbrasleða, vibrator eða algengum hjálpartækjum og hefur góða þekkingu á atriðum sem geta valdið göllum við niðurlögn á steypu.

Einangrar hús og húshluta.

Mótar halla í gólf með steinsteypu, ílögn eða flotsparsli.

Leggur í gólf og stiga með hefðbundnum sementsefnum terrassólögn, steinteppi og epoxýgólf.

Leggur flísar, mósaík og náttúrustein, bæði innan- og utanhúss.

Múr- og þunnhúðar veggj og loft ýmist með hefðbundnum sementsefnum, múrkerfum, akrýlmúr, gifshúðun, sandspartli eða steiningu.

Hleður úr milliveggjaplötum og milliveggjaeiningum, glersteini, plastkubbum og hleðslusteini og hleður bæði opin og lokuð eldstæði.

Þekkir lögmál og fer eftir reglum um hljóðvist, eldvarnir, varmaeinangrun og raka- og vindvarnir mannvirkja.
Metur þörf og annast viðhald vegna múr- og steypuskemmda.
Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa.
Þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa, gamlar byggingarhefðir og handverk.
Velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni.
Þekkir eiginleika efna og álagskrafta.
Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir áhættumat og áhættugreiningu og fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.
Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.
Býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu.
Er meðvitaður um kostnað og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir.
Hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.
Þekkir til helstu verkefnastýringakerfa sem notuð eru við mannvirkjagerð.